

***Þinggerð 46. ársþings Blaksambands Íslands, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal sunnudaginn
4. mars árið 2018 kl. 09.00.***

Þingsetning

Jason Ívarsson formaður BLÍ flytur setningarræðu. Í ræðunni kom fram að síðasta starfsár hafi verið það stærsta hingað til. Aldrei hafi fleiri landslið verið send til keppni og lið sem keppa í Íslandsmótinu hafa hingað til ekki verið fleiri.

Stærstu verkefni A landsliðanna voru keppni á Smáþjóðaleikunum í San Marínó og í annarri umferð Evrópuhluta Heimsmeistaramótsins. Þar stigu liðin okkar inn á stóra sviðið og reyndu sig við bestu landslið Evrópu. Karlarnir kepptu m.a. við þáverandi Evrópumeistara Frakka og konurnar við silfurlið Serbíu frá síðustu Ólympíuleikum.

BLÍ hefur ákveðið að senda lið í Evrópukeppni landsliða sem verður haldin með nýju fyrirkomulagi og feta þar með nýjar slóðir í þeim efnunum. Fyrirkomulagi keppinnar hefur verið breytt frá riðlakeppni yfir í keppni heima og heiman. Blakáhugamönnum landsins gefst því kostur á að sjá lið okkar keppa við mörg af sterkustu liðum Evrópu. Fyrstu heimaleikirnir verða í ágústmánuði þessa árs.

Unglingaliðin okkar hafa líka fengið fleiri og stærri verkefni sem eru að sjálfsögðu liður í því að bæta árangur þeirra í sífellt harðari samkeppni á alþjóðavettvangi.

Lengi vel voru einu verkefni landsliða okkar tengd keppni Smáþjóðanna og NEVZA. Nú er svo komið að framtíð keppni Smáþjóðanna fyrir utan sjálfa Smáþjóðaleikana, sem standa reyndar utan við Blaksamband Evrópu, er í nokkurri óvissu.

Það er hugmynd stjórnarmanna CEV að leggja niður Smáþjóðakeppnina í núverandi mynd og þær þjóðir taki bara þátt Evrópukeppni allra liða líkt og BLÍ hefur þegar ákveðið að gera með sín landslið.

Þessi stefna CEV kemur m.a. fram í því að skrautfjöldur sambandsins á síðasta ári, sem var sigur kvennalandsliðs okkar á EM Smáþjóða í Luxemborg, er ekki talinn með í niðurröðun á stöðu landsliðsins meðal þjóða Evrópu.

Blaksambandið hefur reynt eftir fremsta megni að skapa sem besta umgjörð fyrir landsliðin með fjölgun þjálfara og aðstoðarmanna þeirra. Það kallar á meira fjármagn sem er oftast en ekki af skornum skammti. Hækkun afreksstyrks ÍSÍ og iðkendagjöld hafa að sjálfsögðu hjálpað mikið til að undanförunu. Okkur hefur tekist ótrúlega vel að halda úti öflugri starfsemi á móta og margar stærri þjóðir, sem segir að okkur hefur tekist að nýta fjármagnið vel.

Blakið hefur ekki verið fyrirferðamikil í fjölmiðlum á undanförunum árum. Það ræðst að miklu leyti af áhugasviði þeirra íþróttافرéttamanna sem um íþróttir fjalla hverju sinni. Stjórn BLÍ ákvað á haustdögum að ganga til samstarfs við sjónvarpsstöðina SportTv um að sýna í beinni útsendingu einn leik í viku frá keppni í Úrvalsdeild Íslandsmótsins. Að auki verða allir leikir úrslitakeppinnar sýndir. Það er mikil og kærkomin viðbót við úrslitaleiki Bikarkeppinnar sem hingað til hafa verið einu leikirnir sem sýndir hafa verði í sjónvarpi. Þessi nýbreytni hefur mælst vel fyrir og er í raun nauðsynleg fyrir íþróttina til þess að breiða hana út og gera hana sýnilegri meðal almennings. Stefnan er sett á að halda þessu samstarfi áfram og efla það enn frekar. En eins og áður þá er aðgangur að fjármagni allt of stór þáttur í því hvernig til tekst. Þess má geta að áhorf á SportTv er glettilega mikil og slær íþróttarásum Stöðvar 2 við.

Það ber einnig að hrósa aðstandendum Blakfrétta.is fyrir umfjöllun og frétttaflutning þeirra af íþróttinni.

Mótahaldið er orðið nokkuð viðamikil enda fjölgar keppnisliðum í Íslandsmótinu eins og áður hefur verið getið. Í lang flestum tilvikum geta leikir farið fram eftir settri dagskrá. Eðlilega setur veðrið stundum strik í reikninginn. Mótanefnd reynir eftir megni að leysa úr þeim vandamálum sem upp koma en sum eru þess eðlis að þröngir

sérhagsmunir ráða för. Það er ekki við óbilgirni eða ósveigjanleika mótanefndar að sakast heldur vinnur hún eftir reglum sem eru í föstum skorðum og þurfa að vera það.

Því miður hefur það gerst of oft í vetur að lið í neðri deildum Íslandsmótsins hafa ekki mætt til leiks og bera við hinum aðskiljanlegustu ástæðum.

Með því sýna þau viðkomandi mótshaldara mikla lítilsvirðingu svo ekki sé meira sagt.

Sum félög til dæmis þau sem eru með lið í mörgum deildum virðast leggja upp með of lítinn hóp leikmanna í upphafi leiktíðar til þess að geta lokið tímabilinu með sómasamlegum hætti. Í upphafi skyldi endinn skoða og betra væri hafa liðin frekar færri en fleiri til þess að koma í veg fyrir vandræði.

Fyrir þinginu liggur endurbætt tillaga þess efnis að láta þau lið sæta ábyrgð með greiðslu sektar sem mæta ekki til leiks.

Fyrir þessu þingi liggja allmargar tillögur. Það er gott til þess að vita að aðilar innan hreyfingarinnar hafa áhuga á málefnum og framgangi hennar. Ársþingið er einmitt vettvangurinn til þess að koma fram með tillögur sem miða að því að bæta starfið innan hreyfingarinnar og vinna því framgang.

Ég vona að þingstörfin verði árangursrík, umræðan málefnaleg og afraksturinn verði gott veganesti fyrir nýja stjórn til þess að vinna eftir.

Stjórn BLÍ þakkar öllum þeim sem hafa lagt sitt að mörkum til þess að vinna íþróttinni framgang.

Helstu styrktaraðilum, sem eru Altis, Icelandair, Síminn, Þekking og Kjörís, eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið á starfsárinu.

Ég vil einnig þakka stjórn og starfsfólki ÍSÍ fyrir mjög gott samstarf nú sem fyrr og bið fulltrúa ÍSÍ að koma þeim þökkum áfram.

Með þessum orðum segi ég 46. ársþing Blaksambands Íslands sett.

Lagt er til að **Valdimar Leó Friðriksson** verði þingforseti. Samþykkt samhljóða.

Lagt er til að **Sævar Már Guðmundsson** verði 1. þingritari og 2. þingritari **Andri Hnikarr Jónsson**. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti tekur til starfa og segir frá því að hann hafi farið yfir lög sambandsins og þingboðun. Þingið er löglega boðað þannig að við megum halda áfram með dagskrá.

Starfsnefndir þingsins

- a) Kjörbréfanefnd: Andri Hnikarr Jónsson formaður. Þessi nefnd tekur til starfa strax og er starfandi allan þingtíma. Hennar hlutverk er að fara yfir lögmati kjörbréfa og hvort fulltrúar séu mættir. Svandís Þorsteinsdóttir og Kristján Geir Guðmundsson eru með Andra Hnikarri í nefndinni.
- b) Fjárhagsnefnd: Árni Jón Eggertsson, formaður.
- c) Laganefnd: Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður.
- d) Allsherjarnefnd: Stefán Jóhannesson, formaður.
- Blöð liggja frammi fyrir þingfulltrúa að skrifa sig á en nefndastarfið byrjar í þinghléinu.
- Samþykkt.

Skýrsla stjórnar BLÍ

Jason Ívarsson flytur skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár. Skýrsluna má finna á heimasíðu BLÍ.

Stefán Jóhannesson heldur áfram með skýrslu stjórnar og talar sérstaklega um landsliðsmálin. Segir frá því að þetta var stærsta ár landsliðanna. Kvennalandsliðsmegin er búið að endurráða alla í teyminu. Breyting varð á teymi karlalandsliðsmegin. Segir frá því að búið sé að ráða þjálfara til starfa sem er með samning fram yfir næstu smáþjóðaleika.

Eins og Jason sagði hér áðan þá er væringar í loftinu hvað varðar Smáþjóðastarfið, má segja að það sé í hættu. Þátttakan í keppnina var slík að ekki er þörf á undankeppni sem hefur alltaf verið á þessu ári (sléttri tölu). Stjórn Evrópusambandsins er að ýta öllum út í að taka þátt í stóru keppninni, þ.e.a.s. þeirri sem Ísland er nú að taka þátt í.

Landsliðsmálin í strandblaki eru í lamasessi og þurfum við svolítið að skoða hvort við ætlum að vera með eitthvað landslið eða ekki. Það eru auðvitað möguleikar á þátttöku en þetta er ekki einfalt í rekstri og framkvæmd.

Það er alveg ljóst að þjálfaralega séð erum við heppin en þó þurfum við að bæta menntun þjálfara. Okkar landsliðsþjálfarar eru erlendir og markmið þjálfara kvennalandsliðsins er að komast með liðið í lokakeppni EM 2021. Það eru háleit markmið en raunhæf.

Reikningar síðasta starfsár

Árni Jón Eggertsson greinir frá afkomu Blaksambands Íslands árið 2017.

Umræður um skýrslu stjórnar eða reikningana.

Guðrún Kristín Einarsdóttir tekur til máls.

Fín skýrsla og takk fyrir hana. Vantar inn U19 í Rúmeníu frá janúar í fyrra.

Yngriflokkanefnd skrifaði ekki þessa skýrslu í ársskýrslunni, skil ekki hvað gerðist þarna en nefndin skrifar ekki undir það sem þarna stendur.

Á að spila tveggja manna blak eins og kvenna landsliðsþjálfarinn hefur lagt upp með? Það kemur ekkert frá honum um þetta þó búið sé að biðja hann margoft um það.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

Reksturinn hjá Völsungi hefur verið erfiður vegna hækkana sem BLÍ setti á. Held að við þurfum að fjölga í úrvalsdeild til að stækka og losna við vandamál sem liðin eru að lenda í.

Mætti hækka gjaldið á trimmliðin og lækka gjaldið á úrvalsdeildarliðin. Vill beina því til næsta stjórnar að jafna út þessi gjöld á úrvalsdeildarlið.

Jason Ívarsson svarar Gunnu Stínu um Rúmeníu ferðina þannig að upplýsingar um hana voru í síðustu ársskýrslu. Aðrar beinar spurningar voru nú ekki. Vangaveltur um strákana í blakinu og það er áhyggjuefni.

Varðandi þjálfunina er Daniele vakinn og sofinn í því að koma okkur áfram. Það var ekki þessi sami áhugi en nú er kominn nýr þjálfari og við bindum vonir við að bætt verði úr þessu.

Varðandi hugleiðingar SÁA um móttagjöldin eru eilífar. Þakkar góðar ábendingar.

Þingforseti lýsir eftir Kjörbréfanefnd.

Andri Hnikarr Jónsson fer yfir kjörbréf.

Les upp mætingu.

ÍBR: Alls 8 fulltrúa. Mættir voru Jón Ólafur Valdimarsson og Mikael Jóhann Traustason.

UMSK: Alls 15 fulltrúar. Mættir voru Rakei Ármannsdóttir, Lúðvík Már Matthíasson, Ólafur Jóhann Júlíusson, Halldór Sigurðsson, Birta Björnsdóttir, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Jórunn Hafsteinsdóttir og Emil

Gunnarsson.

ÍBH: Alls 1 fulltrúi. Mætt var Karólína Helga Símonardóttir

UÍA: Alls 8 fulltrúa. Mættar voru Unnur Ása Atladóttir og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir.

HSP: Alls 9 fulltrúar: Mættir voru Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Andri Hnikarr Jónsson.

ÍRB: Alls 1 fulltrúi: Mætt var Svandís Þorsteinsdóttir

HSK: Alls 5 fulltrúar: Mættir voru Jason Ívarsson, Kristján Geir Guðmundsson, María Rósa Einarsdóttir og Guðný Indriðadóttir.

Alls 20 þingfulltrúar mættir af 47 þingfulltrúum á kjörbréfum frá 7 sambandsaðilum.

Þingforseti biður fulltrúa um að reisa hönd sína til samþykkis á þinginu. Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða

Reikningar 2017 lagðir fram og samþykktir samhljóða.

Ávarp fulltrúa ÍSÍ – Hafsteinn Pálsson

Þakkar gott þing og frábæra skýrslu

Flytur kveðjur framkvæmdastjórar ÍSÍ en Líney Rut er nú hérna með mér.

Verkefni ÍSÍ eru mörg og það helsta er að Ólympíuleikar voru að klárast. Við erum með Lífshlaupið í gangi um þessar mundir og hvetjum við alla til að taka þátt í því.

Fagnar því að sjá hér mál um #metoo en eins og flestir vita hafa frásagnir íþróttakvenna um áreiti og áreitni litið dagsins ljós. Þær ber að taka mjög alvarlega. Það er búið að setja í gang endurskoðun á því efni sem var til. Við bjuggum svo vel að eiga til efni og vera með það inni í þjálfaramenntuninni. Hvað má gera meira í sambandi við þetta efni. Búið að fá efni frá Noregi og verið að færa það inn í okkar umhverfi.

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd til að fara yfir málið og skila tillögum um þetta verkefni. Væntum þess að það verði heildræn sýn því það er ekki endilega æskilegt að það komi kröfur um að fylla út skýrslu frá öllum sérsamböndum heldur bara hjá ÍSÍ. Það gæti flokkast undir ákveðið áreiti. Skiptir máli að við náum að stilla þessa strengi saman og vera með hlutina í lagi. Hvetur félögin til að nýta sér þessar upplýsingar og að hnappar verði sýnilegir á heimasíðu.

Ég er einnig hingað kominn í embættisverk.

- Jón Ólafur Valdimarsson, Ásta Sigrún Gylfadóttir og Sævar Már Guðmundsson sæmd silfurmerki ÍSÍ.
- Stefán Jóhannesson sæmdur gullmerki ÍSÍ.

Að lokum þakkar Hafsteinn fyrir sig og vonast eftir starfsömu þingi á þessum sunnudagsmorgni.

Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Árni Jón Eggertsson leggur fram fjárhagsáætlun.

Erum að bæta við starfsfólki. Þurfum að komast úr því að landsliðsmenn séu að borga í landsliðsferðir.

Þingforseti merkir fjárhagsáætlun sem þingskjal 1 og vísar fjárhagsnefnd.

Laga- og leikreglnabreytingar

Stjórn BLÍ leggur fram breytingartillögu að lögum BLÍ – fulltrúafjöldi á þingi. **Þingskjal 2.** Vísað til laganefndar

Jason kynnir tillöguna, hugmyndin er sú að fjöldi þingfulltrúa geti ekki farið upp úr öllu valdi.

Guðrún Kristín Einarsdóttir leggur fram breytingatillögu að reglugerð um iðkendagjald. Að auki leggur stjórn til viðbótar tillögu að breytingu að þeirri reglugerð. **Þingskjal 3.** Vísað til laganefndar

Guðrún Kristín: Lögð fram fyrst og fremst til að aldurssetja iðkendagjaldið og miða við 18 ára aldurinn.

Jason Ívarsson: Stjórn leggur til að gjaldið sé innheimt í einu lagi í hagræðingarskyni. Þannig að iðkendagjaldið sé innheimt í einu lagi. 1. nóvember.

Nefnd um endurskoðun Íslandsmóts BLÍ

Andri Hnikarr Jónsson formaður nefndarinnar leggur tillögurnar fram.

Þingskjöl 4 Bikarkeppni... vísað til Allsherjarnefndar

Þingskjal 5 Íslandsmóts – sjö hrinuhæstu, breytingatillagan, vísað til Allsherjarnefndar

Þingskjal 6 fyrirkomulag neðri deilda. vísað til allsherjarnefndar

Þingskjal 7 Reglugerð um félagaskipti .. ný grein -- sem mótvægi við sjö hrinuhæstu. Gefur leyfi til að fara á milli liða innan sama félags. Vísað til Allsherjarnefndar

Þingskjal 8 Reglugerð um Íslandsmót yngriflokka. Nokkrir áherslupunktur hér. Tillaga um að fjölga mótum. Nóg af breytingum.

Guðrún Kristín tekur til máls. Ekkert af þessu á við í dag er ekki farið eftir þessu? Breyttu yfir í tvö Íslandsmót af því að ferðastyrkur ÍSÍ styrkir ekki annað en Íslandsmót.

Vandamálið er að foreldrarnir vilja ekki fjölga mótum. Yngriflokkanefndin gefur undanþágur. Er ánægð með að það sé verið að skoða þetta mál. Þingskjali vísað til Allsherjarnefndar.

Kristján Geir Guðmundsson leggur fram breytingartillögu í reglugerð um bikarkeppni BLÍ. **Þskj.9**

Leggur það til að heimaleikur sé hjá því liði sem er dregið er á undan. Vísað til Allsherjarnefndar.

Kristján Geir Guðmundsson leggur fram breytingu í reglugerð um félagaskipti. **Þingskjal 10.**

Vill opna fyrir það að „gamlir“ leikmenn þurfi ekki að hafa félagaskipti. Vísað til Allsherjarnefndar.

Andri Hnikarr Jónsson leggur fram tillögur um breytingu á bikarkeppni BLÍ. Þingskjal 11. Vísað í Allsherjarnefnd.

Breytingu á reglugerð um frestanir leikja. **Þingskjal 12. Vísað í Allsherjarnefnd.** Ábending úr sal um að mæta til leiks með 1 leikmann og tapa leiknum.

Leikmannaskráning. Þá leggur hann jafnframt til að breyta grein 1.12 í reglugerð um Íslandsmót um Íslandsmót og Úrslitakeppni. **Þingskjal 13. Vísað til Allsherjarnefndar.** Of fáir leikmann. Spurningar úr sæti. Halldór, Svandís og Árni Jón. Svarað úr pontu en þarf að hafa umræðu um þetta mál í nefnd.

Þinggerð Öldungapings Mosaldar lögð fram á ársþingi BLÍ til samþykktar. **Þingskjal 14.**

Jason Ívarsson kynnir efni þinggerðarinnar.

Tillaga er um að leggja Öldungaping niður er í þinggerðinni og því mikilvægt að þessi þinggerð fái samþykkt hér á þessu þingi. Þingskjali vísað í Laganefnd.

Guðrún Kristín Einarasdóttir, vil fylgja þessu úr hlaði. Lagði það til að Öldungapingið verði lagt niður. Bið þingheim hér um að samþykkja þetta – skiptir máli fyrir öldungana.

Andri Hnikarr Jónsson leggur fram hér tvær tillögur til umræðu hér á þingi. **Þingskjal 15.**

Kemur úr nefndinni. Stofna U21 lið leikmanna í Mizunodeildum karla og kvenna. Umræðu tillaga. Vísað í Allsherjarnefnd

Andri Hnikarr Jónsson leggur fram reglugerðarbreytingu að úrslitakeppninni. **Þingskjal 16.** Vísað í Allsherjarnefnd.

Birta Björnsdóttir leggur fram tillögu um viðbragð frá Blaksambandinu við #metoo frásögnum íþróttakvenna.
Þingskjal 17. Vísað til Allsherjarnefndar.

Kemur í pontu og les upp eina söguna.

Fer yfir tillöguna og þau atriði með auka innleggi.

Blaksambandið er ekki með neinar siðareglur sem er óásættanlegt. Viljum öll geta spilað þessa skemmtilegu íþrótt í öruggu umhverfi.

Valdimar Leó tjáir sig lítilega um #meetoo tillöguna.

Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið.

Þingforseti opnar mælendaskrá

Umræður um framkomin mál og tillögur. Enginn kveður sér hljóðs.

Jason Ívarsson, kveður sér hljóðs.

Ólafur Jóhann Júlíusson sæmdur silfurmerki BLÍ

Árni Jón Eggertsson sæmdur silfurmerki BLÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson sæmdur silfurmerki BLÍ

Emil Gunnarsson sæmdur gullmerki BLÍ. Á að baki 106 leiki og er starfandi þjálfari hjá HK og aðstoðarþjálfari kvennalandsliðsins.

Fríða Sigurðardóttir sæmd gullmerki BLÍ. Á að baki 113 leiki, flestir leikir sem nokkur leikmaður hefur spilað fyrir íslenska landsliðið.

Þinghlé. Hádegismatur 11.30

Nefndarstörfin hefjast kl. 12

Nefndarstörf

Þingstörf hefjast að nýju kl. 13.46

Jason fer í pontu og veitir Mundínu Ásdísi Kristinsdóttur silfurmerki BLÍ

Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Öll þingskjöl má finna í viðauka í réttri röð m.v. þinggerð.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson kemur í pontu og gerir grein fyrir störfum **Laganefndar**.

Þingskjal 2: Breytingartillaga um fjölda þingfulltrúa. Kom fram athugasemd um að lið taki þátt í Bikarkeppni, en bikarkeppni getur bara verið einn leikur. SÁÁ útskýrir tillöguna og breytingu á orðalagi til að skilgreina það betur að lið með yngri flokka fær 1 fulltrúa.

Auk þess fær félag með fullt lið Hvert félag getur haft að hámarki 4 fulltrúa

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 3: Breytingartillaga um iðkendagjald. Nefndin sammála því. Breytingartillaga stjórnar um að iðkendagjald skal innheimt einu sinni. Nefndin leggur til að þeirri breytingu skuli hafnað þar sem margir nýjir leikmenn geta bæst við í janúar.

Fyrri tillagan samþykkt samhljóða.

Seinni tillaga um að hafna tillögu stjórnar: samþykkt samhljóða.

Þingskjal 14: Þinggerð öldungabingsins. Nefndin samþykkir tillöguna.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Stefán Jóhannesson kemur í pontu og gerir grein fyrir störfum **Allsherjarnefndar**

Þingskjal 4: Reglugerð um bikarkeppni (nefnd um endurskoðun).

Breytingartillaga á 3. grein – nefndin leggur til frávísun

Breytingartillaga á 4. grein – nefndin legur til að hún sé samþykkt.

3. grein samþykkt samhljóða

4. grein samþykkt samhljóða

Þingskjal 5: Grein 1.7. um sjö hrinuhæstu leikmenn

Nefndin leggur til að til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 6: Fyrirkomulag neðri deilda

Nefndin leggur til að tillaga um breytingu á grein 3.4. verði samþykkt og að tillagan um að vísa fullri endurskoðun til nefndar að loknu Íslandsmóti.

Tillögur samþykktar samhljóða

Þingskjal 7: Viðbót við félagaskipti

Ný grein – 5. grein sem skilgreinir betur leikmannahópana í neðri deildum Íslandsmótsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Tillagan er samþykkt samhljóða

Þingskjal 8: Reglugerð um yngri flokka

SJ segir frá því að tillögurnar eiga við gamla reglugerð en núverandi reglugerð finnst ekki á heimasíðu BLÍ.

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað frá og fari til yngriflokkaneftdar.

Tillaga um frávísun er samþykkt samhljóða

Þingskjal 9: Bikarkeppni (Kristján Geir)

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Þingskjal 10: Reglugerð um félagaskipti (Kristján Geir)

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað frá.

Tillaga um frávísun samþykkt

Þingskjal 11: 2. gr í reglugerð um bikarkeppni (Hnikarr)

Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingskjal 12: Reglugerð um frestanir leikja – 9. gr.

Nefndin leggur til breytingartillögu um að upphæðir verði teknar út og að sektarupphæðir verði ákveðnar og gefnar út samhliða þátttökugjöldum.

Þorbjörg (Bobba) spyr um hvort ekki þurfi að koma inn hver ákveður upphæðirnar.

ÁJE spyr hvor í staðinn fyrir „lið“ þurfi að standa „fullmannað lið“

SJ segir frá umræðunni og vísar í lög BLÍ um að lið sé 6 manna.

Viðbót:af stjórn BLÍ.....

Tillagan samþykkt þannig samhljóða.

Þingskjal 13: Leikmannaskráning

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað frá en bendir á að þörf sé á að minna félög/lið að fara ekki af stað í Íslandsmót með of lítinn leikmannahóp.

Frávísunartillaga er samþykkt samhljóða.

Þingskjal 15: U21 árs hugmyndin

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað til stjórnar fyrir frekari úrvinnslu og undirbúning. SJ talar þó um að hugmyndin sé góð og eigi að taka frekari umræðu um hana.

Tillaga um vísun til stjórnar samþykkt.

Þingskjal 16: Úrslitakeppni – grein 2.2.

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað frá og að mótanefnd hafi vald til að raða úrslitakeppninni upp eftir hentugleika hverju sinni.

Frávísunartillaga samþykkt samhljóða.

Þingskjal 17: #METOO

SJ segir frá að nefndarmenn voru sammála um að það þurfi að taka þessi mál föstum tókum og horfa til ÍSÍ í því sambandi.

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað til stjórnar.

Nefndin leggur til að Birtu Björnsdóttur sé boðið á stjórnarfund til að fara betur yfir þessi mál.

Nefndin leggur til að stofnuð verði siðanefnd BLÍ sem myndi þá halda utanum slík mál

Tillaga um vísun til stjórnar er samþykkt samhljóða.

Lög BLÍ samþykkt samhljóða í heild sinni.

Fjárhagsnefnd

Árni Jón Eggertsson segir frá störfum fjárhagsnefndar. Tilkynnir rekstraráætlun fyrir 2018 og útskýrir helstu tölur hennar. Rætt var í nefndinni að skora á að BLÍ setji á laggirnar markaðsráð sem hefur það að markmiði að finna leiðir til að auka tekjur sambandsins með nýjum leiðum.

Nefndin leggur til að fjárhagsáætlun sé samþykkt óbreytt.

Áætlun samþykkt samhljóða.

Þingforseti þakkar nefndarmönnum vel unnin störf.

Ákveðið gjald ævifélaga

Jason Ívarsson fer yfir hvað það hefur þýtt að vera ævifélagi í BLÍ.

Jason Ívarsson leggur til að gjald ævifélaga sé 100.000 kr. Samþykkt samhljóða

Önnur mál:

Afreksstefna BLÍ – Þingforseti úrskurðar um að ekki sé hægt að leggja tillögu fram þar sem gögnin bárust ekki í tæka tíð.

Jason Ívarsson segir frá því að afreksstefnan sé til en ekki gefist tími til að endurnýja og setja hana fram. Afreksstefnan er skilyrði fyrir styrk úr afrekssjóði ÍSÍ. Hún verður lögð fram til kynningar sem lifandi plagg sem verði í sífelldri mótun og verði aðgengileg á heimasíðu BLÍ.

Guðrún Kristín Einarsdóttir kemur upp og talar um vandræði við að ná fleiri yngri iðkendum í blak. Iðkendum hefur fækkað á höfuðborgarsvæðinu og samkeppnin mikil við önnur félög. Umræður innan UMSK hafa verið í gangi síðustu ár og upp kom hugmynd um Grunnskólamót UMSK sem ákveðið hefur verið að halda þann 9. maí í vor í Kórnum í Kópavogi. Félögin þurfa að vera klár í að taka við krökkunum ef þau mæta til að undirbúa fyrir Grunnskólamótið. Einnig þurfa félögin að taka þátt í verkefninu og nýta tækifærið til að reyna að fiska

Þessa krakka inn í hreyfinguna. Hún lýsir líka yfir áhyggjum yfir stöðunni hjá Stjórnunni og gerir það að tillögu sinni að Ársþingið útbúi áskorun til stjórnar Stjórnunnar til að hvetja þau til að taka aftur upp barna- og unglíngastarf.

Árni Jón Eggertsson segir frá því að stjórn BLÍ sendi bréf á aðalstjórn Stjórnunnar í haust.

Yngriflokkar – Guðrún Kristín

Leggur til að BLÍ beiti sér fyrir því að leggja niður krakkablað.bli.is og nota frekar blað.is í mótahald yngriflokka. Of mikil vinna fer í að nota þennan vef.

Draumur að halda landshlutamótin, 4 – 5 mót yfir veturinn og eitt stórt Íslandsmót. Ekki eining innan yngriflokkanevndar og foreldrar ekki endilega hrifnir af því að fara á of mörg mót.

Öldungamót BLÍ – Guðrún Kristín

Ræðir um tillögu KA um að lið á öldungamóti geti skaffað dómgæslu sjálf á mótinu. Öldungaráð fundaði um þetta og sendi inn fyrirspurn til KA og fékk svar um að málið yrði tekið fyrir á þinginu.

Hugmyndin frábær að stofna ferðasjóð en GKE lýsir yfir áhyggjum um framkvæmd málsins, hver á að sjá um sjóðinn o.þ.h. Ekkert verið fjallað um málið á þinginu hingað til.

Fyrirspurn hvort ekki sé eðlilegt að vinna í samráði við Öldungaráðið við skipan öldunanevndar BLÍ og að Öldungaráðið sitji þannig í nefndinni sjálfkrafa ásamt öðrum.

Jason Ívarsson svarar:

Tekur undir að Grunnskólamót UMSK sé mjög jákvætt.

Fer yfir aðkomu BLÍ að hugmynd KA varðandi dómaramál og ferðasjóð yngri afreksiðkennda. Ekki standi til að skilda neinn til að dæma og mótshaldari geti leyst þá dómgæslu sem þurfi.

Tillaga um reglugerð fyrir Afreks- og styrktarsjóð ungra blakara barst til stjórnar BLÍ fyrir nokkrum dögum og því ekki hægt að leggja hana fyrir formlega fyrir þingið. Þetta mál verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum BLÍ.

Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

Leggur til að Öldunganevnd verði skipuð og skorar á nefndina að skoða fyrirkomulag Öldungamótsins og hvort það sé hreinlega orðið of stórt.

Kristján Geir Guðmundsson veltir því upp hvort aðalstjórn félags geti lagalega ákveðið að skera niður barnastarf deilda, sbr. mál Stjórnunnar.

KGG skorar á stjórn BLÍ að setja sér starfsreglur varðandi birtingu fundargerða stjórnar á heimasíðu BLÍ.

KGG vill að upphitunarreitir og refsireitir verði partur af umgjöð blakleikja innan BLÍ og kom með dæmi.

Jason Ívarsson

Lýsir yfir furðu á því að fundargerðirnar séu ekki á heimasíðunni og biðst afsökunar á því.

Varðandi umgjörðina þá er hún í sífelldri þróun og þetta gæti orðið partur af því.

Guðrún Kristín Einarsdóttir

Góð hugmynd hjá KGG með teppi fyrir upphitunarreiti.

Tillaga um skipan öldunganefndar:

Öldungaráð, fulltrúi stjórnar og sjálfboðaliði úr öldungahreyfingunni.

Skrifleg tillaga er þá svona:

Samsetning á Öldunganefnd nú þegar Öldungaping hefur verið lagt niður:

Ég legg til að Öldunganefnd samanstandi af Öldungaráði, sem samanstendur af Öldungum þriggja síðustu móta ásamt fulltrá frá stjórn BLÍ og einum sjálfboðaliða úr öldungahreyfingunni.

Guðrún Kristín Einarsdóttir.

Tillaga samþykkt samhljóða og vísað til stjórnar

Andri Hnikarr Jónsson tók til máls um málefni Úrvalsdeilda og nauðsyn þess að reyna að minnka bilið sem er milli efstu og næstefstu deilda í umgjörð, þátttökugjöldum og fleira. Beinir því til stjórnar að skoða vel að þetta stökk milli deildanna verði minnkað.

Þingforseti lokar mælendaskrá.

Kosningar:

Þingforseti sagði frá framboðum til stjórnar. Kristín Harpa Hálfánardóttir og Stefán Jóhannesson áttu að ganga úr stjórn og gefa kost á sér áfram. Engin önnur framboð hafi komið og því sjálfkjörin með lófaklappi.

Þrír hafa gefið kost á sér áfram í varastjórn. Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Steinn Einarsson og Svandís Þorsteinsdóttir. Ekki hafa fleiri gefið kost á sér og þau því sjálfkörin með lófaklappi.

Tveir skoðunarmenn reikninga, Hjörtur Halldórsson og Davíð Búi Halldórsson. Sjálfkjörnir með lófaklappi.

Þingforseti lýkur störfum, þakkar fyrir sig og biður formann BLÍ um að slíta þingi

Jason Ívarsson, formaður BLÍ með lokaræðu sinni þakkar þingfulltrúum gott þing, þakkar þingforseta og þingriturum sín störf og óskar fólki góðrar heimferðar. Segi þessu 46. ársþingi BLÍ slitið.

Þingi slitið kl. 15.15.

Sævar Már Guðmundsson þingritari

Andri Hnikarr Jónsson þingritari

Valdimar Leó Friðriksson, þingforseti

Breytingatillaga að Lögum BLÍ

5. gr. Blakþingið fer með æðsta vald í málefnum BLÍ. Blakþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum **sem eiga lið í Íslandsmóti** og sambandsaðilum BLÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda **efsta lið félags í Íslandsmóti þannig að:** og liða í úrvalsdeildum BLÍ þannig að:

1. fyrir færri en 100 iðkendum er einn fulltrúi

2. fyrir 101 til 200 iðkendum eru tveir fulltrúar

3. fyrir 201 til 300 iðkendum eru þrjú fulltrúa

4. fyrir 301 iðkenda eða fleiri eru fjórir fulltrúar

1. Félag með lið í úrvalsdeild hefur 3 fulltrúa
2. Félag með lið í 1. deild hefur 2 fulltrúa
3. Félag með lið í 2. deild eða neðar hefur 1 fulltrúa

Auk þess fær félag með fullt 6 manna lið í Íslandsmóti yngriflokka 1 fulltrúa. Hvert félag getur haft að hámarki 4 fulltrúa

Hvert hérðassamband/íþróttabandalag sem hefur blak innan sinna vébanda á rétt á einum fulltrúa óháð iðkendafjölda.

Rökstuðningur: Hér er verið að einfalda ákvörðun um fjölda þingfulltrúa á ársþingi BLÍ. Skv. lögum í dag eru 94 þingfulltrúar með sæti á þingi en verða eftir þessa breytingu 76 talsins. Von er á betri þátttöku í ársþingi með skýrari reglum um fjölda þingfulltrúa.

Dæmi:

Félag með lið í Úrvalsdeild og barnastarf fær 4 fulltrúa

Félag með lið í 1. deild og barnastarf 3 fulltrúa

Félag með lið í 2. deild eða neðar og barnastarf 2 fulltrúa

Félag sem eingöngu er með barnastarf fær 1 fulltrúa.

Lagt fram úr nefnd á 46. ársþingi BLÍ og samþykkt samhljóða.

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018**Flutningur: Guðrún Kristín Einarsdóttir****Breytingar á reglugerð um iðkendagjald Blaksambands Íslands**

Iðkendagjald.

Stjórn BLÍ er heimilt að innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félag blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSÍ eða taka þátt í mótum á vegum BLÍ.

Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ fyrir tvö ár í senn. Undanþegnir gjaldinu eru þeir iðkendur sem eru í þriðja aldursflokki og yngri. **spila í yngriflokkum og eru 18 ára eða yngri á keppnistímabilinu.**

Iðkendagjaldið skal innheimta í tvennu lagi, 1. nóvember og 1. mars.

Stjórn BLÍ er heimilt að meina þeim félögum sem skulda iðkendagjaldið þátttöku í mótum á vegum BLÍ. Slíka ákvörðun skal tilkynna viðkomandi félagi með a.m.k. viku fyrirvara.

*Rökstuðningur:***Tillaga samþykkt á 46. ársþingi BLÍ**[Til viðbótar ofangreindrar tillögu.](#)

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018**Flutningur: Stjórn****Liður í reglugerð um iðkendagjaldið verði breytt svona**

Iðkendagjaldið skal innheimta í tvennu lagi, 1. nóvember og 1. mars.

Iðkendagjaldið skal innheimt 1. nóvember ár hvert.

Rökstuðningur: Eftir reynslu þessa leiktímabils er fyrirkomulagið betra þegar gjaldið er innheimt í einu lagi heldur en í tvennu eins og á síðasta ári.

Tillögu hafnað á 46. ársþingi BLÍ



Öldungarþing Mosaldar 2017 Hlégarði 28. apríl 2017

Fundargerð

Fundarritari: Svandís Þorsteinsdóttir

a. **Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða**

Fulltrúi Stjórnunnar

i. Brynja kynnir starfið á stjórnustríðs mótinu frá 2016. Voru í samstarfi við Álftanes þeir sáu um sín hús og spilað var á 13 völlum.

Skiptingin var 40 % í barnastarf og 25 og 25 á milli kvenna og karla og 10 í aðra liði.

b. **Kosning Öldungs næsta Öldungamóts**

Fulltrúar þeirra sem sækja um í starfrófsröð félaganna

1. **HK – Öldungur Ásta Sigrún**

Gylfadóttir Björg kynnir HK.

Tímasetningin er 28-30 apríl. Fyrirkomulagið verður með sama fyrirkomulagi og var 2013. Spilað í Kórnum og Fagralundi og síðan á gerfigrasinu í

Lokahófið er hugað á að hafa í Kórnum Félagsheimilinu og djammað á kvöldin.

ii. **KA – Öldungur Hannes Garðarsson**

Metnaður í að halda öldung á Akureyri og þeir vilja standa undir væntingum sem gerðar eru. Ný lið hafa litið dagsins ljós úr nýliðastarfi þeirra. Þeir fagna því að fá nýtt blóð og vilja byggja upp barnastarfið áfram.

Þeir vilja nýta sér Bogann og Ka heimilið, jafnvel Síðuskóla og Giljaskóla. Hugmyndin er að nýta jafnvel KA höllina til að hafa lokahófið. KAa startaði vinaleiknum en vilja jafnvel breyta þessum leik til að blanda efri og neðri deildum saman.

Og vilja þá jafnvel bjóða bara uppá gott party en ekki svona hátíðarborðhald eins og verið hefur.

Dagsetningarnar voru 28-30 apríl 2018. Spurning um dúka og leigu á þeim.

iii. Völsungur – Öldungur Jóna Matthíasdóttir

Bjarni Páll Vilhjálmsson kynnir umsóknina.

Mótið síðast haldið 1994 á Húsavík. Starfið er orðið mjög öflugt á Húsavík og nú eru þau með 7 lið hér á öldung í ár. Settu lið í úrvalsdeild kvenna í ár. Og eiga fullt af liðum í barnastarfinu líka. Framkvæmd mun verða á Húsavík, Laugum og Hafralæk. Og þeir ætla að spreyta sig á að tjalda tjöldin sem voru ekki notuð á Neskaupsstað. Og telja sig vera búin að finna lausnina á því hvernig má tjalda þeim án þess að þau fjúki. Nóg verður um party.

Spurning um Húsnæði og húsnæðisverð.

Lokahófið í í þróttahöllinni og jafnvel á Hótelinu líka. Hitaplan með tjöldin og plan

Þróttur R/Keflavík – Öldungur Einar Hannesson

Einar Hannesson kynnir umsókn þeirra.

Búin að vera í talsambandi við Þrótt R í 2 ár.

Reynslan Þróttara af Blakmótum og húsnæðin í Reykjanesbæ. Erum með stórt íþróttahús sem getur verið með 7 velli síðan verður spilað í Reykjaneshöllinni með 7 velli.

3 mín ganga á milli húsa og svo er stutt í önnur hús.

Keflvík hefur haldið stór körfuboltamót í 27 ár. Og hafa planleggjendur frá Keflvík komið að skipulagi þar.

Keflavík hefur vaxið hægt.

Lokahófið er planað í Hljómahöllinni standandi party.

Gengið er til atkvæðagreiðslu.

c. Breytingar á reglugerðum Öldungamót BLÍ, er lagðar verða fyrir næsta ársþing BLÍ

Tvær tillögur komnar fram

1. Um afnám öldungabings í þeirri mynd sem það er, rökstuðningurinn er að þetta sé barn sins tíma og fáir nenna að mæta. Hægt að færa þetta undir BLÍ og gera kosninguna rafræna eða með öðrum hætti en á þinginu.

Framsögumaður: Guðrún Kristín Einarsdóttir Öldungur 2017

Tillaga til Öldungabings 2017

Ég undirrituð legg til að Öldungabing í núverandi mynd verði lagt af, þ.e. að það verði ekki haldið á meðan á öldungamótunum stendur. Þess í stað verði fjallað um málefni Öldungamótsins á árlegu Ársþingi Blaksambands Íslands og að stjórn BLÍ muni sjá til þess að þessum hluta þingsins sé gefin sérstakur tími ásamt því að kalla eftir laga- og reglugerðarbreytingum.

Reglugerðabreytingar munu þá berast til stjórnar BLÍ fyrir ársþing hverju sinni í stað þess að vera lagt fyrir öldungabing eins og nú er.

Varðandi kosningu á Öldungi og Öldungamótum þá skulu mótshaldarar hverju sinni sjá um að útbúa kosningu og kynningu á innkomnum umsóknum þannig að öll lið sem mætt eru á mótið geti kosið á meðan á mótinu stendur. Úrslit kosninganna mun verða tilkynnt á lokahófi Öldungamótsins.

Rökstuðningur: Mjög fáir mæta á öldungabingið á ári hverju og af t.d 157 liðum sem tóku þátt árið 2016 voru á að giska fulltrúar frá um 30 þátttökuliðum sem mættu og tóku þátt í umræðunum. Ástæðan er oft sú að mörg lið komast ekki þar sem þau eru að spila þegar þingið er og önnur í umsjón og sum í upphitun og sfrv.

Ég tel að með þessu þá munu þeir mæta sem hafa virkilegan áhuga á því að fjalla um málefni Öldungamótsins og það verði gert á faglegri og betri grundvelli og að þetta sé réttur vettvangur fyrir málefnið. Það tryggir líka þeim sem hafa áhuga á að mæta að þeir geti mætt en séu ekki að spila á sama tíma og þingið er.

Virðingarfyllst

Guðrún K Einarsdóttir

Formaður Blakdeildar Aftureldingar og Öldungur Mosaldar 2017

Umræður:

Jason leggur til að það verði samþykkt og að það verði bara stofnað öldungaráð.

Hannes Garðarsson leggur fram breytingtillögu.

Hvert lið fær atkvæðaseðil með mótsgögnum til að kjósa um þar næsta Öldungamót og næsta ef það liggur ekki fyrir. Atkvæðum skal skilað fyrir kl. 18:00 á öðrum mótsdegi til Öldungaráðs.

1. Talning:

Samþykkir breytingatillögu Hannesar: með meirihluta

atkvæða

Á móti:2

Tillagan borin fram í heild sinni:

Samþykkt að fella niður þingið: 19

Á móti:9

2. Tillaga 2 til þingsins: **Umsókn um að halda Öldungamót BLÍ eftir 2 ár**
Flutningsmaður tillögu:
Guðrún K Einarasdóttir, formaður blakdeildar Aftureldingar og Öldungur Mosaldar 2017

Tillaga til öldungarþings 2017

Breyting á grein 2.1 sem hljóðar svo:

Annar kafli

1

Umsókn um að halda næsta Öldungamót BLÍ skal send inn til starfandi öldunganefndar og BLÍ, í síðasta lagi 21 degi fyrir næsta mótisdag, á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu BLÍ. Ekki er tekið við umsóknum nema á tilgreindu umsóknareyðublaði og skulu allir reitir útfylltir. Öldunganefndin mun síðan yfirfara umsóknirnar, kynna þær á vef mótisins og leggja þær síðan fram til atkvæðagreiðslu á öldungarþinginu.

Breytingatillagan er svohljóðandi: **Umsókn um að halda öldungamót BLI eftir 2 ár.**

Jafnframt þarf þá að breyta setningu í reglugerð 4.1 þar sem er fjallað um dagskrá öldungarþings: Þar þarf þá að standa „**Kosning Öldungs eftir 2 ár“ í stað : b) Kosning Öldungs næsta Öldungamóts**

Útskýring og útfærsla: Öldungarþingið 2018 skal kjósa um mótisstað fyrir árið 2019 og 2020. Árið 2019 skal kosið um mótahald árið 2021 og svo framvegis.

Rökstuðningur: Vegna fjölda liða sem taka þátt í öldungamótum í dag þá er ljóst að skipulag í kringum

mótin verða sífellt flóknari og viðfangsmeiri og kalla á meira skipulag hvað t.d. afnot af bæjarmannvirkjum og skólum og þar sem skóladagatal er ákveðið með löngum fyrirvara getur orðið snúið að breyta því eftir að búið er að festa þær dagsetningar.

Með því að vera búin að ákveða mótisstaða með 2ja ára fyrirvara þá einfaldar það alla skipulagningu og utnaumhald, bæði fyrir mótshaldar sem og keppendur.

Öldungamót BLI er stærsta fullorðinsmót sem haldið er á Íslandi ár hvert og ef við horfum til móta sem haldin eru á vegum UMFÍ og ÍSÍ t.d. þá eru mótisstaður ákveðnir með oft 5 ára fyrirvara.

Ég tel eftir að hafa staðið að mótahaldi Öldungamóts þrisvar sinnum, fyrst árið 2002, 2010 og nú 2017 að þá séum við komin með mótið á þann staða að þetta sé nauðsynlegt fyrir mótshaldara sem og bæjarfélögin að hafa þennan tíma til undirbúnings.

Virðingarfyllst

Guðrún K Einarasdóttir

Talning:

Samþykki:21 og á móti:3 Tillagan var því samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta og á næsta ári mun verða kosið um mótisstaði bæði fyrir árið 2019 og 2020.

2. Önnur mál: Engin atriði voru tekin undir önnur mál og þingi slitið.

Flutningur: Nefnd um endurskoðun Íslandsmóts BLÍ

Nefnd skipuð af stjórn BLÍ í vetur til að yfirfara reglugerðir sem eru um mótahald BLÍ.

Reglugerðarbreytingar fyrir ársþing:

Reglugerð um Bikarkeppni BLÍ

3. gr.

- Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir kjördæmum. Þó þannig að Reykjavíkurborgskjördæmin og Suðvesturkjördæmi (kraginn) teljist eitt kjördæmi.
- Í annarri umferð koma inn lið úr 1. deild. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. Ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri.
- Þátttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert.
- Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.

Breytingartillaga: Úrvalsdeildarlið skulu koma inn í 16 liða úrslitum.

- Leitast skal við að hitta á 16 liða úrslit sé það möguleiki annars 8 liða úrslit séu liðin færri en 16. Skulu þá utandeildarlið spila fyrst innbyggðis uns ýmist 16 lið eða 8 lið eru eftir í keppninni, hvort heldur sem passar betur. Þurfi fleiri umspilsleiki til eða ekki eru nægilega mörg utandeildarlið skráð til leiks þá skulu liðin raðast inní mótið samkvæmt 4.gr..

Allsherjarnefnd leggur til að vísa þessari breytingartillögu frá. Samþykkt á 46. ársþingi BLÍ

4. gr. Þegar úrvalsdeildarliðin koma inn í keppnina skal dregið í 16 liða úrslit (8 liða úrslit séu liðin átta eða færri). Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við slíkan drátt til að koma fjölda liða í heilt veldi af tveimur **töluna 16 eða 8, hvort heldur sem passar betur**, skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

1. Bikarmeistarar
2. Íslandsmeistarar
3. Deildarmeistarar úrvalsdeildar
4. Það lið sem varð í 2. sæti í bikarkeppninni
5. Það lið sem varð í 2. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar
6. Það lið sem varð í 3. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar

Og svo koll af kolli samkvæmt úrslitum í deildarkeppni úrvalsdeildar. Lið sem féll úr úrvalsdeild skal þó raðast neðar en það lið sem vann sig upp í úrvalsdeild. Nýtt lið í úrvalsdeild (ef ekkert lið fellur) skal raðast neðst. Ef fleiri en eitt nýtt lið bætist í úrvalsdeildina skal varpa hlutkesti um röð þeirra við yfirsetu. **Síðan þau lið sem eftir verða í pottinum þegar búið er að draga í viðkomandi umferð.**

Allsherjarnefnd leggur til að breytingartillagan sé samþykkt eins og hún er. Samþ. samhljóða.

Flutningur: Nefnd um endurskoðun Íslandsmóts BLÍ

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands

Sjö hrinuhæstu

1.7 Sjö hrinuhæstu leikmönnum hvers liðs í Úrvalsdeildinni er óheimil þátttaka í Deildakeppninni. Þeir leikmenn Úrvalsdeildar sem ekki eru á meðal sjö hrinuhæstu í hverju liði fyrir sig mega leika með einu undirliði sama aðildarfélags. Þeir leikmenn sem svo færast niður mega einungis spila í þeirri deild Deildakeppninnar, **sem félagið á lið í**, sem næst stendur Úrvalsdeildinni. ~~Þeir sjö leikmenn sem eru hrinuhæstir í hverju liði í hverri deild í Deildakeppninni mega ekki leika niður fyrir sig en aðrir mega færast niður á sama hátt og Úrvalsdeildarleikmenn.~~ Þetta gildir þó ekki um leikmenn í tveim yngstu aldursflokkum 2. flokks eða yngri sem mega spila með öllum deildum óháð hrinufjölda. Hver leikmaður getur einungis spilað í tveimur deildum á sama keppnistímabili.

Breytingatillaga skrifstofu BLÍ:

1.7

Sjö hrinuhæstu leikmenn liða í Úrvalsdeild er óheimil þátttaka í deildakeppninni. Öðrum leikmönnum úrvalsdeildar er heimil þátttaka með undirliði sama félags í þeirri deild sem næst stendur úrvalsdeild.

Þetta gildir þó ekki um leikmenn í tveimur yngstu árgöngum 2. flokks eða yngri sem mega spila með liðum í öllum deildum óháð hrinufjölda. Hverjum leikmanni er einungis heimilt að spila í tveimur liðum á tímabilinu.

Þessa reglu er ekki hægt að nota á milli liða í Deildakeppni BLÍ.

Tillaga samþykkt á 46. ársþingi BLÍ samhljóða

Þingskjal 6

Fyrirkomulag neðri deilda

3.4.

Í 2. deild og þar fyrir neðan er leikið í 3 helgarmótum. Vinna þarf 2 hrinur í leik sbr. reglu 1.5. Á fyrsta móti skal spilað tveimur 6-liða riðlum, A og B (styrkleikajafnað eftir árangri síðasta tímabils) og skal spiluð einföld umferð eða 5 leikir á lið. Á öðru móti skal spilað í riðlum A og B þar sem 3 neðstu liðin úr hvorum riðli af 1. móti skipta um riðil og skal spila einfalda umferð eða 5 leiki á lið. **Á 1. og 2. helgarmóti skal spiluð einföld umferð, allir við alla, og skiptist þeir leikir á þessar 2 helgar.**

Á 3. móti skal spila í A úrslitum og B úrslitum þar sem 6 stigahæstu liðin samlagt að loknum mótum 1 og 2 skulu spila í A úrslitum um Deildarmeistaratitilinn en 6 stigalægstu liðin skulu spila í B úrslitum um Bdeildarmeistaratitil. Spila skal hreina úrslitakeppni þar sem öll lið byrja með 0 stig í upphafi úrslitakeppninnar. Þrjú efstu liðin í A úrslitum vinna sér sæti í næstu deild fyrir ofan á næsta tímabili (að undanskildum liðunum í 2. deild þar sem tvö lið fara upp sbr. grein 3.3) og 3 neðstu liðin í B úrslitum falla í næstu deild fyrir neðan.

Tillaga:

Þessi nefnd leggur til að mat á fyrirkomulagi neðri deilda verði vísað til frekari úrvinnslu á ársþingi og tekið til skoðunnar eftir að 3ja og síðasta móti er lokið helgina 17. – 18. mars.

Tillagan samþykkt samhljóða á 46. ársþingi BLÍ.

Flutningur: Nefnd um endurskoðun Íslandsmóts BLÍ

Viðbót við reglugerð um félagaskipti

5. grein (ný)

Leikmenn í Deildarkeppni mega skipta milli liða innan sama félags í Deildarkeppninni án þess að hafa fullgild félagaskipti og óháð félagaskiptagluggum. Lið í 2. deild og neðar þurfa að setja inn leikmannalista fyrir helgarmót 1 sem ekki má breyta á meðan helgarmótið fer fram. Lið þurfa svo með sama móti að setja inn nýjan lista fyrir helgarmót 2 en leikmannalistinn sem notaður er á helgarmóti 2 gildir einnig fyrir helgarmót 3, úrslitahelgina, og má þá ekki færa leikmenn úr efri deild í neðri deild eftir að helgarmót 2 er hafið. Bæta má þannig við leikmönnum á listann úr neðri deildarliði félagsins en ekki öfugt. Einnig má bæta við leikmönnum á listann úr öðrum liðum ef fullgild félagaskipti eiga sér stað.

Leikmaður má þó ekki spila með fleiri en 2 liðum í Íslandsmóti á hverri leiktíð.

Fella þá út reglu 1.10 í Reglugerð fyrir deildakeppni og úrslitakeppni BLÍ

~~1.10 Ef tvö eða fleiri lið frá sama aðildarfélagi BLÍ leika í sömu deild Deildakeppni BLÍ má færa leikmenn á milli liða eftir að mótið er hafið að því tilskyldu að slík skipti milli liða séu tilkynnt til BLÍ. Almennar reglur félagaskipta um biðtíma leikmanna eftir leikheimild gilda um slíkar tilfærslur.~~

Rökstuðningur: Þessi tillaga er sett fram vegna breytinga á grein 1.7 í reglugerð um Íslandsmót og Úrslitakeppni BLÍ.

Tillaga samþykkt samhljóða á 46. ársþingi BLÍ

Flutningur: Nefnd um endurskoðun Íslandsmóts BLÍ

Reglugerð um Íslandsmót yngri flokka

1. gr. Leikið skal í fjöliliðamótsformi. í 3. flokki og neðar en heima/heiman fyrirkomulagi í 2. flokk
2. gr. Fjöldi í fjöliliðamóti skal vera:
 2. flokkur: 3 mót
 3. flokkur: 3 4 mót
 4. flokkur: 3 4 mót
 5. flokkur: 2 3 mót
3. gr. ~~Lið verða að taka þátt í öllum fjöliliðamótunum til þess að vera gjaldgeng til Íslandsmeistaratitils.~~ Fjögur efstu lið í hverju fjöliliðamóti fá stig til Íslandsmeistaratitils þannig:
 1. sæti: 5 stig
 2. sæti: 3 stig
 3. sæti: 2 stig
 4. sæti: 1 stig
4. gr. Ef sérstakar aðstæður koma upp er mótsstjórn heimilt að hliðra til með lágmarksfjölda leikmanna hvers liðs.
5. gr. Heimilt er að nota stúlkur í piltaliðum í 3. og 4. flokki en í 5. flokk og neðar má blanda kynjum eftir þörfum. Einnig er heimilt að nota 2 leikmenn af neðsta ári 2. flokks í 3. flokks mótum eða 1 af neðsta ári og 1 af næst neðsta ári.
6. gr. Unglinganefnd Yngriflokkaneftnd BLÍ ákveður staðsetningu fjöliliðamóta.
7. gr. ~~Dómaranefnd í samráði við unglínganefnd sjái til þess að héraðsdómarar dæmi á fjöliliðamótum.~~ Leikmenn skulu sjálfir dæma á fjöliliðamótum sem partur af umsjón. Mótshaldari tryggir að þeim sé veittur stuðningur við dómgæslu ef þarf.
8. gr. Dómaranefnd BLÍ skipi yfirdómara fyrir hvert fjöliliðamót sem mætir og dæmir nokkra leiki og sé keppendum fyrirmynd í dómgæslu.
9. gr. Mótshaldari ásamt fulltrúum unglínganefndar yngriflokkaneftndar skal velja stjórnulið 6 leikmanna hvers flokks

Umgjörð: Í 2. flokk skal notast við rafræna skýrslu og Datavolley sem viðbót við það fyrirkomulag sem notað er tímabilið 2017-2018

Viðbót við þessa reglugerð

Bikarkeppni yngri flokka

Nefndin leggur til að bikarkeppni í 2. og 3. flokk verði með sama formi og hjá meistaraflokkunum, þ.e. stakir leikir á heima-/útvelli með útsláttarfyrirkomulagi. Úrslitaleikir 3. flokks skulu vera í tengslum við bikarúrslitalegi BLÍ en úrslitaleikir 2. flokks skulu vera í tengslum við bikarkeppni 4. flokks og neðar.

Rökstuðningur: Mót yngriflokka eru of fá eins og staðan er í dag og þessi reglugerð í raun barn síns tíma. Þurfti því að endurskrifa þessa reglugerð og bæta við bikarkeppninni sem nú er orðin föst inni í mótahaldi BLÍ

Allsherjarnefnd BLÍ lagði til að tillögunni verði vísar frá og að yngriflokkaneftnd tæki við til frekari úrvinnslu Tillagan um frávísun samþykkt samhljóða.

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

1. gr.

Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.fv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu félagi í keppninni.

2. gr.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þó skal það lið sem er í lægri deild ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. **Lið í lægri deild eða utan deildar skal ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deild.** Þegar komið er í átta liða úrslit skal það lið fá heimaleik sem fyrr er dregið úr pottinum. Lið skulu deila með sér ferðakostnaði (þó ekki gisti - né fæðiskostnaði) ef farið er um lengri leið en 100 km í aðra átt, séu innan við 500 km í aðra átt landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug. Lið skulu eingöngu skipta útlögðum kostnaði á milli sín, BLÍ er heimilt að biðja um nótur því til sönnunnar.

3. gr.

- Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir kjördæmum. Þó þannig að Reykjavíkurborg kjördæmin og Suðvesturkjördæmi (kraginn) teljist eitt kjördæmi.
- Í annarri umferð koma inn lið úr 1. deild. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri.
- Þátttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert.
- Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.

4. gr.

Þegar úrvalsdeildarliðin koma inn í keppnina skal dregið í 16 - liða úrslit (8 - liða úrslit séu liðin átta eða færri). Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við slíkan drátt til að koma fjölda liða í heilt veldi af tveimur skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

1. Bikarmeistarar
2. Íslandsmeistarar
3. Deildarmeistari úrvalsdeildar
4. Það lið sem varð í 2. sæti í bikarkeppninni
5. Það lið sem varð í 2. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar
6. Það lið sem varð í 3. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar

Og svo koll af kolli samkvæmt úrslitum í deildarkeppni úrvalsdeildar. Lið sem féll úr úrvalsdeild skal þó raðast neðar en það lið sem vann sig upp í úrvalsdeild. Nýtt lið í úrvalsdeild (ef ekkert lið fellur) skal raðast neðst. Ef fleiri en eitt nýtt lið bætist í

úrvalsdeildina skal varpa hlutkesti um röð þeirra við yfirsetu.

5. gr.

Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ræður leikstað og tíma. Draga skal fyrst heimalið í fyrri undanúrslitaleikinn og svo útilið, svo skal draga heimalið í seinni undanúrslitaleikinn og þá útilið.

Þau 4 lið sem komast í úrslitahelgina deila með sér ferðakostnaði sbr. 2. grein þessarar reglugerðar.

6. gr.

Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB.

7. gr.

Heimalið skal eiga rétt á að velja búning í undanúrslitum og úrslitum. Lið skulu ekki vera í samskonar lituðum búningum.

8. gr.

Heimilt er að selja nafn bikarkeppninnar.

Tillaga samþykkt á 46. ársþingi BLÍ

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018

Flutningur: Kristján Geir Guðmundsson

Reglugerð um félagaskipti

1. gr.

Leiktíð er frá 15. september til 15. maí.

2. gr.

Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það og greiða staðfestingargjald til BLÍ (sjá þó 5. gr.). Stjórn BLÍ ákveður staðfestingargjaldið fyrir 1. júní ár hvert og tilkynnir félögunum.

3. gr.

Fullgild félagaskipti, móttekin á skrifstofu BLÍ á skrifstofutíma (virka daga frá kl. 08.00 til 16.00), frá 15. maí til og með 31. október og 1. janúar til og með 31. janúar ár hvert taka gildi um leið og framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

Heimilt er að senda félagaskiptagögn rafrænt. Berist gögnin utan skrifstofutíma, gildir tímasetning rafrænu samskiptanna. Félagaskiptablað og greiðsla vegna þessa verða að berast með sannarlegum hætti fyrir miðnætti. Taka félagaskiptin gildi daginn eftir að uppfylltum öðrum greinum félagaskipta og verða þau tekin til skoðunar næsta virka dag. Móttökudagur tilkynningar um félagaskipti er sá dagur þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar hefur verið fullnægt. Félag ber fulla ábyrð á að nota leikmenn ef staðfesting á félagaskiptum hefur ekki borist frá BLÍ.

4. gr.

Hafi félag leikmanns verið lagt niður eða leikmaður spilað með háskólaliði, þarf ekki skriflegt samþykki gamla félagsins um félagaskipti en önnur ákvæði 2. gr. og 3. gr. skulu vera uppfyllt. **Leikmaður er ekki hefur leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni í fimm ár er heimilt að hafa félagaskipti í lið utan deilda og frá 2. deild og neðar utan félagaskiptagluggans, án þess að greiða staðfestingargjald til BLÍ. Hann má ekki hafa félagaskipti aftur á tímabilinu. Önnur skilyrði í 2. og 3. gr gilda.**

5. gr.

Leikmanni er aðeins heimilt að skipta um félag tvisvar á hverri leiktíð og jafnframt er leikmaður einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

6. gr.

Félögum er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns samkvæmt reglum BLÍ innar félagaskiptatímabils. skv. 3. gr.

Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á sérstöku eyðublaði BLÍ (tilkynning um tímabundin félagaskipti) og skal undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum sjálfum og jafngildir félagaskiptatilkynningu við upphaf og enda lánstíma. Á tilkynninguni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal sjálfkrafa snúa aftur til síns samningsfélags.

Til að félagaskipta tilkynning öðlist gildi skal hún undirrituð af þeim aðila sem hefur heimild til þess að skuld binda viðkomandi félag.

Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun tilkynningar skal hún einnig undirrituð af forráðamanni viðkomandi leikmanns.

Með tilkynningunni lýsa allir aðilar því yfir að samið hafi verið að öllu leyti um uppgjör á milli aðila vegna skiptanna og að bæði félögin séu ábyrg gagnvart leikmanni á réttindum.

Leikmaður fær leikheimild með hinu nýja félagi við útgáfu keppnisleyfis af hálfu BLÍ. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir loka dagsetningu félagaskiptanna. Aðeins leikmönnum með gildan leikmannasamning er heimilt að gera tímabundin félagaskipti.

Aðeins er greitt félagaskiptagjald vegna félagaskipta úr samningsfélagi í félagið sem fær leikmanninn til sín en ekki þegar leikmaðurinn snýr til baka. Tímabundin félagaskipti teljast bara sem ein skipti.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

Samningsfélagi er heimilt fyrir 1. mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 4 dögum eftir að tilkynningin er sannanlega móttækin af BLÍ.

Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1. gr.

Sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi er talinn frá móttöku fullgildra félagaskipta skv. 2. og 3gr. reglugerðar um félagaskipti.

2. gr.

Móttaka skjala vegna félagaskipta telst gild þegar framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ vottar hana skriflega og sendir staðfestingu til umsækjanda um félagaskipti.

3. gr.

Félagaskiptin taka gildi degi eftir að öllum skilyrðum um þau eru uppfyllt. Sjá greinar 3 og 5 í reglugerð um félagaskipti.

4. gr.

Framkvæmdastjóra eða formanni BLÍ er heimilt að samþykka félagaskipti þegar yfirlýsing leikmanns, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins er móttækið samkvæmt reglum um móttöku skjala skv. 2.gr. reglugerðar um félagaskipti. Framkvæmdastjóra eða formanni BLÍ er ekki heimilt að taka á móti félagaskiptum liðs sem þeir spila með, þjálfar, starfa hjá með öðrum hætti eða sitja í stjórn hjá. Í slíkum tilfellum skulu þeir leita til annarra stjórnarmeðlima með að staðfesta félagaskiptin.

5. gr.

Rísi upp ágreiningur um félagaskipti skal skjóta málinu til stjórnar BLÍ til úrlausnar. Sé slíkur ágreiningur, er sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi talinn frá því að málinu er skotið til stjórnar.

Leikmaður verður þó aldrei löglegur fyrr en að stjórn hefur úrskurðað í málinu og félagaskiptin hafa verið samþykkt. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

Tillaga að breytingum á reglugerð var rædd á ársþingi BLÍ 2017 en breytingum skotið til stjórnar til að klára vinnu við reglugerð.

Reglugerð breytt og samþykkt á stjórnarfundi BLÍ þann 9. janúar 2018

Allsherjarnefnd lagði til að tillögunni verði vísað frá.

Tillaga um frávísun samþykkt samhljóða.

Til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018

Þingskjal: 11

Flutningur: Andri Hnikarr Jónsson

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrrkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þó skal það lið sem er í lægri deild ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. Lið skulu deila með sér ferðakostnaði (þó ekki gisti- né fæðiskostnaði) ef farið er um lengri leið en 100 km í aðra átt, séu innan við 500 km í aðra átt landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug. **(Höfuðborgarsvæðið reiknast allt út frá Reykjavík).** Lið skulu eingöngu skipta útlögðum kostnaði á milli sín, BLÍ er heimilt að biðja um nótur því til sönnunnar.

Rökstuðningur: Kílómetrafjöldinn verði reiknaður út frá sama punkti þar sem aðstöðumunur er nánast enginn hjá liðum á Höfuðborgarsvæðinu.

Tillagan samþykkt samhljóða

Þingskjal 12

Reglugerð um frestanir leikja

9. gr. Mæti lið ekki til leiks í **Úrvalsdeild**, 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað um upphæð flugfargjalds á ÍSÍ-verði, ~~8 miðar báðar leiðir RVK AK RVK~~ **250.000 kr.** Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið. Ákvæði þetta gildir á milli keppnistímabíla. Mæti lið í neðri deildum ekki til leiks í **helgarmóti** tapast leikur þess ~~3-0~~ **2-0** (25-0, 25-0, ~~25-0~~) ~~höfð verður ekki beitt fjárektum.~~ **auk þess sem liðið er sektað um 50.000 kr fyrir hvern leik.**

Rökstuðningur: Reynslan tímabilsins gefur ástæðu til þess að setja á sektir í neðri deildum Íslandsmótsins. ÍSÍ fargjald er ekki til og því þarf festa upphæð í sekt.

Allsherjarnefnd leggur til breytingartillögu um að upphæðir verði teknar út og að sektarupphæðir verði ákveðnar af stjórn BLÍ og gefnar út samhliða þátttökugjöldum.

9. grein hljóðar þá svona:

9. gr

9. gr. Mæti lið ekki til leiks í Úrvalsdeild, 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað. ~~um upphæð flugfargjalds á ÍSÍ-verði, 8 miðar báðar leiðir RVK-AK-RVK 250.000 kr.~~ Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið. Ákvæði þetta gildir á milli keppnistímabila. Mæti lið í neðri deildum ekki til leiks í helgarmóti tapast leikur þess 3-0 ~~2-0~~ (25-0, 25-0, ~~25-0~~) liðið verður ekki beitt fjársektum. ~~auk þess sem liðið er sektað um 50.000 kr fyrir hvern leik.~~ **Sektarupphæðir skulu ákveðnar og gefnar út samhliða þátttökugjöldum.**

Breytingatillaga samþykkt samhljóða á 46. ársþingi BLÍ

Þingskjal 13

Leikmannaskráning

Reglugerð um Íslandsmót og Úrslitakeppni BLÍ

1.12 Lið skulu tilkynna til BLÍ um fyrirhugaða þátttöku í síðasta lagi þann 1. júní ár hvert og skal sækja um leikmannaleyfi fyrir leikmenn liðanna í síðasta lagi 15. september ár hvert. **Hvert lið skal telja fram að lágmarki 10 leikmenn til að fá keppnisleyfi.** BLÍ gefur út leyfi fyrir hvern leikmann fyrir upphaf Íslandsmóts og Deildakeppni BLÍ. Hver leikmaður getur verið á leikmannaleyfum tveggja liða sama aðildarfélags BLÍ.

Rökstuðningur: Tryggja að lið leggi af stað í Íslandsmót með nógu marga í sínu liði.

Allsherjarnefnd lagði til að tillögunni verði vísað frá.

Frávísunartillaga er samþykkt samhljóða á 46. ársþingi BLÍ

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018

Flutningur: Andri Hnikarr Jónsson

Umræðutillaga

1. Stofna lið U21 leikmanna sem spila í Mizunodeildum karla og kvenna

(Frá endurskoðunarnefnd)

- a. Allir leikmenn 20 ára og yngri eru gjaldgengir í hvern leik
- b. Landsliðsþjálfarar velja 9 - 10 leikmenn fyrir hvern leik og skal miðast við að 60% leikmanna sé á því landssvæði sem leikurinn fer fram á þó ekki úr því liði sem leika á við hverju sinni.
- c. Liðið spilar alla leiki á útivelli um helgar og spilar þá 2 leiki um hverja helgi
- d. BLÍ skal leytast við að finna kostunaraðila liðanna með því t.d. að selja nafn liðanna til fyrirtækja og skal miða við að kostnaður sé c.a. 1.000.000 kr. Þar skal miða við að meðaltali þurfi að flytja 3 leikmenn, lengra að í hverja 2 leiki.
- e. Þessi lið geta hvorki farið í úrslitakeppni né fallið úr deildinni
- f. Leikmenn sem gjaldgengir eru eru óháðir öllum félagaskiptareglum meðan þeir spila með U21 liði.

Allsherjarnefnd lagði til að þessu verði vísað til stjórnar BLÍ
Samþykkt samhljóða

Þingskjal 16

Reglugerðarbreyting

2. Úrslitakeppni úrvalsdeilda *(frá mótastjóra)*

- a. Grein 2.2

Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeilda hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Leikin skal úrslitakeppni átta efstu liða **nema ef liðin eru færri en 8 í deildinni, þá skal leikin úrslitakeppni fjögurra efstu liðanna**. Mótanefnd/mótastjóri BLÍ ákveður hverju sinni fyrirkomulag úrslitakeppinnar eftir fjölda liða í Úrvalsdeild og tilkynnir liðunum. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Rökstuðningur:

Breyta því þannig að ekki séu öll lið í efsta stigi að leika í úrslitakeppni eins og nú er.

Allsherjarnefnd leggur til að þessu verði vísað frá.

Frávísunartillaga samþykkt samhljóða á 46. ársþingi BLÍ

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018

Flutningur: Birta Björnsdóttir

Tillaga um viðbragð frá Blaksambandinu við #metoo frásögnum íþróttakvenna

Í kjölfar frásagna íþróttakvenna af ofbeldi, misrétti og áreitni í #metoo byltingunni er mikilvægt að Blaksamband Íslands bregðist við. Það er mikilvægt að Blaksambandið sitji ekki aðgerðarlaust heldur bregðist við og taki þátt í #metoo herferðinni.

Flytjandi óskar eftir því að

1. Blaksambandið útbúi verkreglur og ferla sem stuðst er við ef að upp koma atvik er snúa að ofbeldi, mismunun eða áreitni.
2. Ef að þjálfari hefur verið látinn víkja frá störfum hjá íþróttafélagi vegna ofbeldis, afbrota eða öðru slíku, þarf félagið að tilkynna það til Blaksambandsins, þó svo að málið sé ekki tilkynnt til lögreglu. Blaksambandið þarf útfrá því að ákveða í samvinnu með óháðum fagaðila hvort að þjálfarinn eigi að hafa réttindi/leyfi til þess að þjálfar blak á Íslandi. Þjálfarar sem beita ofbeldi eiga ekki að geta fært sig á milli félaga án afleiðinga. Þessi regla tíðkast meðal annars í Fimleikasambandi Íslands.
3. Sjálfboðaliðar á vegum Blaksambandsins fái viðeigandi fræðslu um almenna hegðun. Þetta á sérstaklega við á stórum viðburðum eins og landsleikjum og bikarkeppni.
4. Blaksambandið skildi öll félagslið sem spila í úrvalsdeild að hafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og verkferla sem stuðst er við ef að upp koma atvik er snúa að ofbeldi, mismunun eða áreitni.
5. Blaksambandið útbúi atriði til íhugunar um ráðningarferli blakþjálfara fyrir félagsliðin. Í ráðningarferlinu ætti meðal annars að standa að félög megi óska eftir sakaskrá og umsögn frá fyrri vinnuveitindum. Einnig að þjálfarar séu skildugir í fræðslu í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun á börnum.
6. Ef að atvik kemur upp er snýr að ofbeldi, mismunun eða áreitni, sé fenginn inn óháður fagaðili sem taki á málum.
7. Aðili með dóm á bakinu megi ekki spila fyrir landsliðið í blaki.
8. Blaksambandið óski eftir sakavottorði hjá því fólki sem vinnur í kring um landsliðin og unglíngalandsliðin. Þetta á við um þjálfara, sjúkrapjálfara, lækna, nuddara, fararstjóra, o.s.frv.
9. Blaksambandið tryggji þolendum sem hafa orðið fyrir alvarlegu ofbeldi í tengslum við íþróttastarf faglega aðstoð.
10. Blaksambandið verði með faglega siðanefnd sem tekur á ofbeldi, mismunun og áreitni.
11. Blaksambandið sé með umboðsmann íþróttafólks sem er óháður fagaðili. Umboðsmaður íþróttafólks er ætlað að taka á ofbeldismálum, mismunun, áreitni og öðrum málum sem koma upp. Umboðsmaður íþróttafólks er einnig hugsaður sem aðili sem getur veitt íþróttafólki, félagsliðum og öðrum fagleg ráð.

Flytjandi hvetur einnig aðra til þess að koma með tillögur og hugmyndir til þess að íþróttafólkið okkar upplifi sig öruggt til þess að stunda blak.

**Allsherjarnefnd leggur til að þessu sé vísað til stjórnar BLÍ til frekari úrlausnar.
Samþykkt Samhljóða**

Rekstraráætlun fyrir 2018

Þingskjal: 1

	skýr	Áætlun 2018	Rauntölur 2017
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir..	1	25.000.000 kr	25.217.185
Mótatekjur.....	2	20.000.000 kr	16.981.350
Aðrar tekjur.....	3	17.000.000 kr	25.722.891
		<u>62.000.000 kr</u>	<u>67.921.426</u>
 Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	18.000.000 kr	10.881.841
Íþróttaleg viðskipti...	5	41.000.000 kr	55.566.812
Kynning og fræðsla	6	2.000.000 kr	755.304
Önnur gjöld.....	7	500.000 kr	154.248
Afskriftir.....	8	250.000 kr	250.000
		<u>61.750.000 kr</u>	<u>67.608.205</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		250.000 kr	313.221 kr
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9		11.998
Vaxtagjöld.....	10	- 100.000 kr	- 100.628 kr
		<u>- 100.000 kr</u>	<u>- 88.630 kr</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>150.000 kr</u>	<u>224.591 kr</u>

Fjárhagsnefnd lagði til að rekstraráætlun verði samþykkt óbreytt.
Samþykkt samhljóða.